

## Sýnataka skeldýrum (krækling, kúfskel, ígulkerjum, sæbjúgum) vegna greiningar á örverum

**Tilgangur:** Að leggja mat á örveruástand ræktunar- /veiði-svæðis og er niðurstaðan lögð til grundvallar við flokkun svæðisins A, B, C, eftir magni örvera (saurkólí) í skelinni. Taka á sýni til að sýna fram á að lokaafurð uppfylli kröfur 135/2010 (2073/2005).

### EFNI OG ÁHÖLD

Polyethylene plastpokar

Límmiðar

Vatnsheldur tússpenni

Einnota hanskar

Spritt til dauðhreinsunar

Sýnatökuseðill EBL-008

Kæliplötur

Kælibox eða frauðplastkassi

### SÝNATAKA OG MEÐHÖNDLUN SÝNA

- Liður a, b og c lýsir mismunandi sýnatökustöðum. Veljið það sem við á og fylgið svo leiðbeiningum frá lið 2.
  - Sýni af villtum skeldýrum skal taka frá stað sem er einkennandi fyrir þann hluta veiðisvæðisins þar sem uppskera er fyrirhuguð eða frá fyrirfram skilgreindum sýnatökustað.
  - Sýni af lifandi kræklingum frá ræktunarsvæði með ræktunarböndum / ræktunarsokkum skal taka þannig að hvert sýni verði einkennandi fyrir þann hluta ræktunarsvæðisins þar sem uppskera er fyrirhuguð eða frá fyrirfram skilgreindum sýnatökustað. Hvert sýni skal vera einkennandi fyrir alla lengd línunnar.
  - Sýni af lokaafurð er tekið fyrir eða eftir pökkun.
- Safnið 20 - 30 skeljum og setjið í plastpoka. Æskilegt að 200 g af kjöti fái en ef skel er lítil er lágmark 50g af kjöti sem þarf að fást. Skelin skal vera heil og lifandi. Gætið fyllsta hreinlætis við sýnatökuna og notið einnota hanska.
- Sýnataka skal framkvæmd á þann hátt að hægt sé að auðkenna sýnin með öryggi. Merkja skal sýni með auðkenni / númeri. Neðangreindar upplýsingar ásamt auðkenni sýnis eiga þá að koma fram á sýnatökuseðli.
  - Auðkenni sýnis (það sem er á sýninu)
  - Tegund
  - Sýnatökudag
  - Staðsetningarhniti sýnatökustaðar
  - Nafn framleiðslusvæðis
  - Merkið við rannsóknarþætti.

4. Sýni af lifandi skelfisk skal, þar til sýni er sent af stað, geyma undir 4°C og þannig að skelin haldist lifandi.

#### PÖKKUN OG SENDING SÝNA

1. Sýni í pokaum skal sett í polyetylene plastpoka. Skráið dagsetningu og auðkenni sýnis eins og það er á sýnatökuseðli á límmiða. Lokið plastpokaum með því að brjóta upp á hann. Pokinn er innsiglaður með því að setja límmiðann yfir brotið. Komið sýninu fyrir í frauðplastkassa eða kæliboxi ásamt kæliplötu, þannig að skeljarnar brotni ekki og þær haldist lifandi. Gætið þess að skeljarnar komist ekki í beina snertingu við kælimiðil. Setjið kælivörumerki á kassann og merkið kassann og sendið til rannsóknastofu.\* Sýni má ekki komast í beina snertingu við ís. Hitastig skal vera 0 - 4 °C. Hafa skal samband við rannsóknastofu þegar sýnið er sent af stað.
2. Senda skal sýni eins fljótt og hægt er eða í síðasta lagi daginn eftir sýnatöku, á rannsóknastofu sem MAST samþykkir.

#### RANNSÓKNARSTOFUR:

Matís, Vínlandsleið 12, 113 Reykjavík

Sýni ehf Rannsóknþjónusta, Lynghálsi 3, 110 Reykjavík

Rannsóknþjónustan Promat, Furuvöllum 1, 600 Akureyri